



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2523
komudagur 25.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þingskjal 937 - 546. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010. 547.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 17. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 546. mál.

Frumvarpið er samið og lagt fram í þeim tilgangi að auka líkur á að endurheimta verðmæti frá þeim sem í aðdraganda og kjölfar íslenska fjármálahrunsins hafa auðgast með óréttmætum hætti auk þess að hafa áhrif í þá átt að draga úr hvata til brotastarfsemi sem haft getur verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér.

Tollstjóri tekur ekki afdráttarlausu afstöðu til frumvarpsins en mælir með því að úrræði á borð við það sem fram kemur í frumvarpinu verði kannað og að réttarfarsnefnd og refsiréttarnefnd komi að málinu áður en það verður til lykta leitt.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjóra


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri